

Skólanefndarfundur 5. Apríl 2016.

Fundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum 5. Apríl 2016 kl. 17 á skrifstofu skólameistara. Mætt voru Sigurbjörn Árni skólameistari, Margrét Hólm, Guðrún María, Erlingur, Jóhanna Eydís fulltrúi kennara og Gabríel Ingimarsson fulltrúi nemenda. Guðrún Tryggvadóttir boðaði forföll. Dagbjört mætti kl. 18.

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsstaða og fjármál skólans. Rekstrarárið 2015 var rekið með halla upp á 2.4 milljónir sem bætast við fyrri halla sem er 7.2 milljónir. Útlit er fyrir halla á yfirstandandi rekstarári en útilokað að segja til um endanlegar niðurstöður.
2. Stofnanasamningur við kennara. Verið er að ljúka við þessa samninga og skólameistari telur að þeir séu til bóta bæði fyrir skólann og kennarana.
3. Samatarf við aðra skóla á norðausturlandi. Málið kynnt
4. Skólasamningar. Skólameistari hefur farið í flesta grunnskóla frá Bakkafirði í austri til Þelamerkur í vestri og kynnt skólann.
5. Sumardagurinn fyrsti. Opinn dagur verður haldinn í íþróttahúsinu á sumardaginn fyrsta í samstarfi við ýmis félagasamtök og Þingeyjarsveit.
6. Sorpmál. Sorpmálið er í skoðun í framhaldi af uppstokkun þessa málaflokks hjá Þingeyjarsveit.
7. Brottvísanir nemenda. Skólameistari gerði grein fyrir brottvísun nemenda á þessari önn.
8. Önnur mál. Fram kom að hafin er endurnýjun á mótuneyti skólans og verður verkinu lokið ef allar áætlanir standa næst komandi haust. Þá var ákveðið að skólameistari ræði við fulltrúa Fosshótela vegna sumarleigu eftir 2016.
Fleira ekki bókað.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Guðrún M Valgeirsdóttir, Erlingur Teitsson, Dagbjört Jónsdóttir, Gabríel Ingimarsson, Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir, Margrét Hólm Valsdóttir.